

Nd.

7. Frumvarp

til laga um breyting og viðauka við lög um mæling á túnnum og matjurtagörðum, nr. 58. 3. nóv. 1915.

Flutningsmaður: Sigurður Sigurðsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Um leið og túnin eru mæld skal gera ummálsdrátt af þeim í tveimur eintökum. Annað eintakið — frumdrátt — skal senda Stjórnarráðinu, en hitt fær jarðeigandi. Ummálsdrátturinn skal gerður eftir mælikvarðanum 1 : 1000 ef hann rúmast á örkinni, en ella sje mælikvarðinn 1 : 2000. Getið skal þess við hvern ummálsdrátt, hver mælikvarðinn sje.

2. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Fyrir ummálsdrætti þá af túnnum, sem Stjórnarráðinu eru látnir í tje, greiðir landssjóður 3 kr. fyrir hvert einstakt býli, sem er í ábúð og metið er til dýrleika. Skal fje þetta greitt til oddvita sýslunefndar, þá lokið er mælingunum í sýslunni það ár, en hann greiðir það upp í kostnaðinn við mælingarnar.

3. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Sá hluti kostnaðarins, sem eigi greiðist úr landssjóði, skal greiðast úr hreppssjóðnum, þá er oddviti sýslunefndar hefir tilkynt hreppsnefnd, á hverjum jörðum í hreppnum mælt var það ár, og hver kostnaðurinn var við það, umfram það, sem úr landssjóði greiðist. Hreppsnefnd jafnar því svo niður á jarðirnar, sem mælt var á, að hálfu eftir tölu býla, hvort sem þau eru metin sjerstaklega til dýrleika eða ekki, en að hálfu eftir hundraðatölu jarðanna. Þó má sá aelmingur, sem miðaður er við hundraðatölu, aldrei fara fram úr 10 kr. á býli. Ábúanda er skylt að greiða þetta gjald, og má taka það lögtaki. En leiguliða er heimilt að halda því eftir af eftirgjaldi jarðarinnar eða býlisins.

4. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal fella texta þeirra í meg-

mál laga nr. 58, 3. nóv. 1915, og getur konungur gefið út löginn þannig breytt sem lög um mæling á túnnum og matjurtagörðum.

Athugasemd við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er flutt eftir beiðni túnmælingamanna. Ástæðan er sú, að ýms ákvæði laganna þykja ekki nógu skýr, t. d. um niðurlögnun túnmælingakostnaðarins o. fl. Einnig hefir það komið í ljós, að mælikvarðinn á ummálsdráttum 1 : 2000 sje of smár þegar um litil tún er að ræða o. s. frv.